



Byggingarfulltrúi Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2026

Efni: Vottorð um öryggisúttekt.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Þann 18. mars sl. var birt skýrsla Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar (HMS) vegna eldsvoða sem varð á meðferðarheimilinu Stuðlum 19. október 2024. Í skýrslunni kemur fram að rannsókn HMS hafi leitt í ljós að ef brunavarnir hefðu verið í samræmi við brunahönnun hefði verið unnt að koma í veg fyrir mannslát, en 17 ára drengur sem vistaður var á neyðarvistun Stuðla, lést í brunanum.

Byggingin er í eigu ríkissjóðs og Ríkiseignir fara með umráð hennar. Bruninn varð í viðbyggingu þar sem neyðarvistun Stuðla er staðsett en viðbyggingin hefur verið í notkun frá desember 2004. Frá þeim tíma og þar til bruninn átti sér stað í október 2024 var ekkert vottorð um öryggisúttekt gefið út. Í skýrslu HMS kemur fram að notkun viðbyggingarinnar hafi þess vegna verið óheimil þar sem byggingarfulltrúi þarf að hafa gefið út vottorð um öryggisúttekt til þess að heimilt sé að taka mannvirki í notkun.

Á neyðarvistun Stuðla dvelja börn sem hafa verið frelsissvipt af ríkinu til þess að tryggja öryggi þeirra og því er sérstaklega mikilvægt að fyllsta öryggis sé gætt. Samkvæmt upplýsingum sem

umboðsmaður barna hefur fengið frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins var hluti viðbyggingarinnar tekinn aftur í notkun um miðjan apríl 2025. Að mati umboðsmanns barna er mikilvægt að leitt verði í ljós hvort vottorð um öryggisúttekt hafi verið gefið út áður en viðbyggingin var tekin í notkun í apríl 2025 eða hvort húsnæðið sé jafnvel enn í notkun án þess að umrætt vottorð hafi verið gefið út.

Umboðsmaður barna óskar hér með eftir upplýsingum frá embætti byggingarfulltrúa um hvort og þá hvenær gefið hafi verið út vottorð um öryggisúttekt umræddrar viðbyggingar á Stuðlum, Fossaleyni 17. Ef vottorð vegna öryggisúttektar hefur ekki enn verið gefið út er óskað eftir upplýsingum um hvort byggingarfulltrúi hafi gripið til einhverra aðgerða vegna óheimilar notkunar húsnæðisins frá því í apríl 2025 með það að markmiði að koma í veg fyrir notkun húsnæðisins. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvort byggingarfulltrúi hafi komið athugasemdum á framfæri við eiganda húsnæðisins sem varða öryggisatriði.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna